



Nefndasvið Alþingis
b.t. velferðarnefndar

Sent á umsagnagátt Alþingis

Reykjavík, 4. desember 2025

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna sameiningar starfsemi Skipulagsstofnunar og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, 256. mál.

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“ eftir atvikum) hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna sameiningar starfsemi Skipulagsstofnunar og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, 256. mál, 157. löggjafarþings.

Samtökin fagna sameiningu Skipulagsstofnunar og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (hér eftir „HMS“), enda er það mikilvægt skref í átt að aukinni skilvirkni og einföldun stjórnsýslu á sviði skipulags- og mannvirkjamála. Í fyrsta lagi er jákvætt að gert er ráð fyrir beinum sparnaði en í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að í rekstraráætlun er gert ráð fyrir að núverandi húsnæði HMS rúmi sameiginlega stofnun og sparist þannig um 30 milljónir króna árlega í húsnæðiskostnað. Þá má einnig gera ráð fyrir hagræðingu í innri þjónustu sem geti skilað um 50 milljónum króna á ári í sparnað þegar fram líða stundir. Hrein rekstrarhagræðing gæti því numið um 80 milljónum króna á ári. Í öðru lagi sjá samtökin talsvert meiri tækifæri á sparnaði þegar kemur að bestun ferla og bættu viðmóti byggingarmála. Með sameiningunni ættu að mati samtakanna að verða til fjölmörg tækifæri til einföldunar ferla fyrir viðskiptavinum stofnananna, m.a. með samþættingu tæknilausna sem hafa það að markmiði að móta einn feril og afgreiðslustað. Slík þróun mun draga úr samfélagslegum kostnaði við uppbyggingarferli, öllum til bóta.

Samtökin taka undir markmið frumvarpsins um að starfsmönnum Skipulagsstofnunar verði boðið starf hjá Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun að lokinni sameiningu og ítreka sjónarmið sín um mikilvægi þess að sú sérfræðipækning sem til staðar er innan Skipulagsstofnunar glattist ekki. Markmið um hagræðingu og bættu ferla má ekki koma niður á gæðum þjónustuveitingar sameinaðar stofnunar.

Samtökin benda einnig á mikilvægi þess að skýrt verði með fullnægjandi hætti hver fer með stjórn skipulagsmála við sameininguna. Samkvæmt lögum um Húsnæðis- og mannvirkjastofnun nr. 137/2019 er HMS sjálfstæð stofnun og fer fimm manna stjórn með yfirstjórn hennar. Í greinargerð með frumvarpinu sem varð að lögum kemur fram að ráðherra er ekki ætlað að hafa bein afskipti af stjórnun stofnunarinnar og er því talið nauðsynlegt að sérstök stjórn fari með yfirstjórn stofnunarinnar og hafi eftirlit með starfseminni. Er það hlutverk stjórnarinnar að móta áherslur í starfi stofnunarinnar og fylgjast með starfsemi og rekstri hennar. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fer ráðherra þó að því er virðist áfram með yfirstjórn skipulagsmála þar sem ekki stendur til að breyta því ákvæði að öðru leyti en að nafn Skipulagsstofnunar er breytt í Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun.



Starfsreglur stjórnar HMS eru aðgengilegar á vefsíðu HMS¹ en með sameiningu telja samtökin mikilvægt að þau mál sem munu falla undir valdsvið hennar þarfnist frekari skýringa í frumvarpinu.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka iðnaðarins


Jóhanna Klara Stefánsdóttir,
Sviðsstjóri mannvirkjasviðs

¹ https://hms-web.cdn.prismic.io/hms-web/e4ba5126-15e7-4656-b6e5-771c02b312ba_Starfsreglur+stj%C3%B3rnar+HMS_undirrita%C3%B0ar.pdf